# Drykkjarsteinninn á Surtsstöðum

*Helgi Hallgrímsson*

Drykkjarsteinn, SV-hlið, febrúar 1993.
*Ljósm. H.Hg.*

**Um allan heim þekkist sú trú að vatn úr vissum uppsprettulindum búi yfir sérstökum eiginleikum til að lækna manna mein. Í hinum kristnu löndum eru þær gjarnan kenndar við Maríu mey. Má nefna lindina í Lourdes í Suður-Frakklandi sem dæmi, en þangað koma tugþúsundir manna á ári hverju til að leita sér lækninga. Eflaust hafa menn víða þekkt slíkar heilsulindir í heiðni og kaþólskri tíð hérlendis, en margar hafa fallið í gleymsku, eftir að slíkur átrúnaður var bannaður af kirkju mótmælenda. Á Fljótsdalshéraði er lindin í Drykkjarsteini á Surtsstöðum líklega þekktasta fyrirbærið af þessu tagi.**

Austan við bæinn á Surtsstöðum í Jökulsárhlíð er lágur ás, alsettur klettakollum sem kallast *Klappir*. Klappirnar eru fagurlega slípaðar af jökli, margar með hvalbökum. Einn klettakollur í vesturbrún ássins, beint á móti bænum, er sérlega áberandi, enda ber hann höfuð hærra en hinir. Hann heitir *Drykkjarsteinn*. Að sunnan er hann kúpulaga en að norðvestan með nokkrum skálum, sem greinilega eru skessukatlar að uppruna og hafa líklega myndast undir fossi í jöklinum.

Einn ketillinn er langstærstur og myndar lóðréttan strokk í hlið klettsins. Efri hluta hans hefur rofnað en neðri hlutinn er heill og myndar reglulega hringlaga skál. „Skál þessi er svo vandlega fægð, eins og hún væri rennd," segir í örnefnaskrá. Skálin er um 70 sm í þvermál efst og sögð vera um 60 sm djúp. Hún er að jafnaði full af tárhreinu lindarvatni, sem sígur í hana gegnum sprungu í klettinum. Segja ábúendur á Surtsstöðum að vatn þrjóti aldrei í skálinni, en yfirborðið lækkar í mestu þurrkum og stundum rennur smávegis út úr henni. Veggurinn sem heldur uppi vatninu í skálinni er um 30 sm á þykkt og virðist dálítið sprunginn. Yfirborð skálarinnar er í rúmlega 1 m hæð, miðað við rætur klettsins. Þetta vatnsker er því í þægilegri hæð fyrir mann að súpa af eða lauga andlit sitt í því. Heimreiðin að Surtsstöðum liggur yfir ásinn rétt fyrir utan Drykkjarstein. Skálin blasir við sjónum frá bænum. Milli klettanna og túnsins er mjótt flóasund.

Svipaða katla er að finna í *Kirkjukletti* í svonefndri Húfu við norðurenda Langavatns í Fellum. Í þeim kletti er skál sem regnvatn safnast í og börn á Hafrafelli nefndu *Skírnarfontinn*. Einhver orðrómur var um að þar væri huldukirkja. *Hlandkollurnar* á Geitagerðisbjargi í Fljótsdal eru líka sömu gerðar, en nutu lítillar virðingar eins og nafnið bendir til, enda er vatnið í þeim oftast litað af þörungum (sjá *Gletting* 12 (3), 2002).

**Helgi Hallgrímsson**
náttúrufræðingur
á Egilsstöðum

Orri Hrafnkelsson stendur hér við skálina í Drykkjarsteini, febrúar 1993. *Ljósm. H.Hg.*

## Heilsulind

Þessar sérstöku aðstæður hafa eflaust stuðlað að því að menn töldu vatnið í stapanum hafa lækningamátt. Guðmundur frá Húsey (1955: 264) ritar um Drykkjarstein:

> Sterk trú var á því fyrrum, að vatn það væri heilnæmt, og var oft sótt langar leiðir handa konum, sem ekki gátu fætt, eða gamalmennum sem ekki gátu dáið, og þótti reynast vel. Sjálfsagt var líka að huldufólk byggi í klöppum þessum, og eru um það margar sagnir.

Samhljóða umsögn er í örnefnaskrá Surtsstaða og Bragi Björnsson frá Surtsstöðum staðfestir þessi ummæli Guðmundar í bréfi til mín, 31. jan. 1993. Hann ritar:

> Vatnið í skálinni var að ég held síðast notað sem læknislyf við augnþrautum ömmu minnar, Þórunnar Bjargar Magnúsdóttur. Hún var blind nokkur síðustu ár ævi sinnar, og hafði á köflum sárar þrautir í augunum. Lét þá, er henni leið sem verst, sækja vatn í skálina (brunninn) í Drykkjarsteini, og laugaði sína blindu sjónspegla úr því. Fannst jafnan að þrautirnar minnkuðu við þennan þvott.

Þess má geta að svipaður átrúnaður hefur um aldir verið á *Þangbrandsbrunni* á Þvottá í Álftafirði og *Þangbrandspolli* á Skútustöðum í Mývatnssveit, sem kenndir eru við Þangbrand kristniboða. Auk þess hafa svonefndir *Gvendarbrunnar*, sem Guðmundur biskup góði á að hafa vígt, lengi notið virðingar fyrir heilsusamlegt vatn, en þeir skipta hundruðum og munu vera dreifðir um allt land. Annars hefur engin samantekt verið gerð á fornum heilsulindum hér á landi, svo mér sé kunnugt, þó að full þörf væri á því. Þær eru ekki ómerkur þáttur í bardúsi þjóðarinnar í læknislausu landi.

## Álfakirkja og símahvinur

Bragi segir að stapinn hafi verið talinn álfakirkja þegar hann var að alast upp á Surtsstöðum á fyrri hluta síðustu aldar, en þekkir þó engar gamlar sagnir þar að lútandi. „Áttu að hafa sést þar ljós, frá bæ séð, og ofan af Surtsstaðahálsi. Þó ekki tiltæk staðfest dæmi þar um nú.“ Þá hafa menn líklega hugsað sér skálina sem skírnarfont í kirkjunni.

> Oft vorum við krakkar að leggja hlustir að klettaþili stapans, einkum á sunnu- og hátíðadögum, í þeirri von að nema söng og tónleika frá messugerð huldufólksins. Höfðum við systkinin uppgötvað að við viss veður- og umhverfisskilyrði greindust eins konar bergmálsstrengleikar frá stapanum.
>
> Gerðist helst í froststillum og byggðist á því að símalína (þrjár línur og síðar fimm) lá eftir mýrarsundi meðfram klöppunum þarna og örskammt frá þeim. Hvein þá eða söng í línunum, einkum þó sem undanfari vissra veðra- og áttabreytinga.
>
> Man ég að eitt sinn, er farskóli var heima, leiddum við allan krakkahópinn að Drykkjarsteini á stjörnubjörtu kyrrviðriskvöldi og hlýddum við á helgikonsert þar við þessar aðstæður. Þau hin aðkomnu full undrunar og e.t.v. smá dulargeigs, a.m.k. meðan málið var ekki upplýst, sem auðvitað var ekki gert fyrr en heim kom og þau kröfðu fullorðna fólkið svara og skýringar.
>
> Þarmeð hefur hátíðleikinn og helgiljóminn þurrkast út af þeirri kirkjuferðinni, og við heimabörnin svo setið sem svindlarar í súpunni.

Séð ofan í vatnsskálina, sept. 1994. *Ljósm. H.Hg.*

Nú þekkja líklega fáir símahvininn sem var svo algengur á sveitabæjum meðan síminn lá enn á staurum. Það var sérstök músik og gat verið býsna margbreytileg eftir veðri og vindum.

### Koparstíllinn

Bragi segir einnig frá hluthvarfi er varð hjá Þórunni Björgu ömmu hans á Surtsstöðum árið 1885. Hvarf þá einn forláta koparstíll sem notaður var við að pikka göt á flatkökur. Hún hafði verið að baka flatbrauð á hlóðum, í tilefni af árs afmæli Björns sonar síns, og skilið stílinn eftir á hlóðarsteini meðan hún gekk með kökurnar inn í búr, sem var örstutt, en þegar hún kom til baka var hann horfinn og fannst hvergi þótt mikið væri leitað, því henni þótti vænt um stílinn og þetta var kjörgripur. Að réttu ári liðnu, nánar tiltekið um miðaftan þann 14. september 1886, fannst hann svo á steininum þar sem hún skildi hann eftir árið áður. „Og mikið varð hún amma glöð, og blessaði huldufólkið fyrir skilvísina. Hún velktist ekki í vafa um hverjir valdir voru að hvarfi og endurkomu þessa uppáhalds grips."

## Heimildir


Bragi Björnsson, 1993: Handrit og bréf frá 31. jan. 1993.

Guðmundur Jónsson frá Húsey, 1955: Um örnefni í Jökulsárhlíð. *Eimreiðin* 61 (3-4), bls. 264.

Helgi Hallgrímsson, 1993: Undraland í Útfellum. *Gálgás*, jólablað.

Skúli Björn Gunnarsson, 2002: Af hlandkollum, kílum og fleiri örnefnum. *Glettingur* 12 (3): 34.

Örnefnaskrá Surtsstaða. Örnefnastofnun Íslands.